



Bessastöðum,
24. mars 2020

Kveðja forseta Íslands
til starfsliðs allra skólastiga

Ágætu kennarar, leiðbeinendur,
skólaliðar og annað starfsfólk
á öllum skólastigum.


Ég flyt ykkur kærar kveðjur. Þeim, sem glíma nú við veikindi, færi ég bestu óskir um góðan bata. Sömu leiðis sendi ég hlýjar kveðjur til þeirra sem sitja nú í sóttkví í öryggisskyni. Ég hvet alla landsmenn til að fylgja reglum og tilmælum í hvítvetna, sýna stillingu á erfiðum stundum.

Við glímum við skæðan vágést. Hér á landi hefur verið gripið til ýmissa aðgerða vegna farsóttarinnar sem nú herjar um víða veröld. Öll iðja í skólum landsins hefur borið þess merki. Aðdáunarvert hefur verið að sjá hvernig starfslið hefur brugðist við, með fjarkennslu, með því að skipa í deildir og bekki á nýja vegu og með því að finna fjölmargar aðrar leiðir til að gæta, sinna og mennta við óvenjulegar aðstæður.

Vissulega hefur mikið mætt á ykkur þessa erfiðu og annasömu daga. En þið hafið sinnt ykkar störfum af alúð og trúmennsku og staðið ykkur með sóma. Fyrir það þakka ég innilega.

Vandi okkar verður eflaust viðameiri áður en við fögnum sigri í þessari baráttu. En sigri munum við fagna og þá mun aftur birta til í þjóðfélaginu. Þá munuð þið halda áfram að hlúa að börnum landsins í leikskólum og grunnskólum, búa ungmenni undir alvöru lífsins í framhaldsskólum og gefa fólki svo færi á að sérhæfa sig í ýmsum iðnum og fræðum. Þannig höldum við áfram á framfarabraut. Já, þannig eflum við þekkingu okkar og vísindi, öllum til heilla.

Kæru vinir: Fyrir hönd okkar Elizu ítreka ég hlýjar kveðjur og góðar óskir til ykkar allra.


Guðni Th. Jóhannesson